

SJÓNAUKINN

29. JÚNÍ 2022 - 5. JÚLÍ 2022

• 25. tölublað • 37. árgangur •

ELDUR Í HÚNAÞINGI, DAGANA 20.-24. JÚLÍ 2022

Margar hendur vinna létt verk og það vantar heldur betur hendur á Eldinum.

Ef þig langar til að leggja hönd á plóg, hefur tíma þarf ekki að vera meira en 1 klst en má vera meira, þá endilega láttu heyra í þér!

Það þarf að skipuleggja raðir við veltubílinn, ganga frá eftir brekkusönginn, setja upp borð fyrir músikbingó og margt, margt fleira.

Ef þú vilt vera með sendu okkur þá línu á netfangið eldurihun@gmail.com

Höfum gaman saman á Eld í Húnaþingi 2022!



Fjölskyldusvið Húnaþings vestra auglýsir laust starf í skólaþjónustu og almennri félagsþjónustu.

Starfshlutfall er 75%-100% með starfsstöð á Hvammstanga.

Um er að ræða fjölbreytt starf í góðu starfsumhverfi og hluti starfsins er viðvera og ráðgjöf í skólum Húnaþings vestra. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi reynslu og færni til að vinna með börnum.

Leitað er eftir öflugum og drífandi einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Húnaþing vestra er fjölskylduvænt samfélag sem leggur metnað í að veita góða persónumiðaða þjónustu. Leiguhúsnæði er á staðnum.

Helstu verkefni eru:

- Annast meðferð mála einstaklinga og fjölskyldna í skóla- og félagsþjónustu sem og málefni fatlaðra.
- Þátttaka í þverfaglegri teymisvinnu s.s. með skólum, leikskólum og öðrum þjónustustofnunum vegna málefna barna og fjölskyldna þeirra.
- Þátttaka í stefnumótun, mótun verkferla, starfsáætlana og endurskoðun á reglum í málaflokknum.
- Þátttaka í þverfaglegu samstarfi með skólum, heilbrigðisstofnunum, lögreglu og öðrum sem koma að málefnum barna og fjölskyldna þeirra.
- Önnur verkefni sem sviðsstjóri felur viðkomandi og falla undir sviðið.

Menntun:

Starfsréttindi félagsráðgjafa og/eða háskólamenntun sem nýtist í starfi. Önnur menntun eða víðtæk reynsla kemur til greina.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2022 og umsóknir berist á netfangið siggi@hunathing.is

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Þór Ágústsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs, siggi@hunathing.is eða í síma 4552400.

USVH auglýsir eftir nýjum einstaklingum í ritnefnd Húna.

Ritnefnd sér um öflun efnis, efnisval, prófarkalestur og auglýsingasöfnun.

Gott er ef viðkomandi gæti tekið viðtöl og/eða skrifað sjálfur í ritið.

Áhugasamir sendi tölvupóst á usvh@usvh.is

U.S.V.H.



Úthlutun Húnasjóðs 2022, lokafrestur

Lokafrestur til að skila inn umsóknum um styrk úr Húnasjóði árið 2022, rennur út þann 8. júlí nk.

Sveitarstjóri.



SELASETUR ÍSLANDS



ÍBÚAKÖNNUN



HJÁLPAÐU OKKUR AÐ BETRUMBÆTA FERÐAMÁL Í HÚNAÞINGI VESTRA

Selasetur Íslands stendur fyrir könnun til að kynna sér álit samfélagsins á ferðarþjónustu og hvernig hún eigi að þróast á komandi árum. Skannaðu QR kóðann til hægri og fylltu út spurningalistann til að láta okkur vita um þitt álit!

